

80.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

80.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 13.júni 2017 og hófst kl. 18.00.

Mætt voru: Hulda Elsa, Erla Kristín, Þórunn og Gry. Alex sat fundinn um Skype. Róbert og Rósa komust ekki.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Landsliðsmál

Stjórnin ákvað að taka við tilnefningum í landsliðið frá KFA þó þeir hafi borist eftir að frestur rann út. Landsliðsnefndin kynnti valið fyrir seinni helming ársins og var að samþykkt. Tólf keppendur hafa bæst við þeim sem fyrir voru.

Hulda sendir nöfnin á **Róbert** sem birtir á kraft.is

Alex endurskoðar kostnaðaráætlun landsliðs 2017 í ljósi þessa og sendir á stjórn.

Nokkur umræða var um greiðslur sambandsins til öldunga, en sambandið greiðir þátttökugjald og dopingfee, eða um 100 Evrur á mann, en þessu verður ekki breytt að sinni.

3. Fagteymi

Gry kynnti framvindu þeirra mála, en Agnes Árnadóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Fjölur Guðmannsson og endurhæfingastöðin Atlas verða til samstarfs.

Ákveðið að stefna að forgangspjónustu við meiðsli og úttekt/stöðumat fyrir keppendur í opnum flokki A og fræðsla fyrir allan landsliðshópinn árlega.

4. Norðurlandamót 2018

Mótið verður haldið á Íslandi í september 2018. Ákveðið að fá kostnaðaráætlun frá áhugasömum mótshöldurum svo stjórnin geti ákveðið mótsstað tímanlega.

5. Fjármál.

Alex upplýsti að ákveðnir aðilar eru í skuld við sambandið eftir EM á Spáni.

Alex falið að innheimta það með hraði.

Stjórnin ákvað að sambandið muni héreftr ekki greiða hótélkostnað fyrir keppendur nema fyrirframgreiðsla hafi borist inn á reikning sambandsins. Upphæðin verður miðuð við þær upplýsingar sem mótshaldari gefur í boðsbréfi. Hugsanlegur mismunur verður gerður upp eftirá.

Alex og **María** fylgjast með framkvæmd.

Stjórnin bað um 6-mánaða uppgjör frá gjaldkera.

Alex sendir á stjórn.

6. Búninganefnd

Verið er að kanna möguleika á samstarf við ÍSÍ um búninga sem notaðir hafa verið t.d. á smáþjóðaleikana.

7. Önnur mál

- **Gry** fer á fund afrekssjóðs og kannar stöðuna vegna seinni úthlutun úr sjóðnum.

- Stjórnin samþykkti að styðja IPF í umsókn um að kraftlyftingar verði viðurkennt íþrótt innan FISU

Hulda sendir formlegt bréf til IPF fyrir 16.júni

Fundi slitið kl. 19.30

Fundaritari Gry Ek